

69. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Keflavíkurbæjar. Varnarþing Keflavíkur. Staðfest 27. nóvember 1962.

Félagsmálaráðuneytið, 4. desember 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 214.

10. desember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. desember 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Ólafsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minning Guðrúnar Ólafsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Guðrúnu Ólafsdóttur, er lengi bjó ekkja að Miðdal í Hólshreppi. Hún var fædd 26. nóv. 1877 og lézt 10. ágúst 1947. Stofndagur sjóðsins er 26. nóvember 1962, en stofnendur eru Pétur J. Ólafsson, bróðir Guðrúnar, og kona hans Þorsteina Guðmundsdóttir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund — og skal hann ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur eða annarri tryggri peningastofnun.

Tekjur sjóðsins eru, auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir og áheit, svo og annað það fé, er stjórn hans kann að afla honum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu þeim bændum í Hólshreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, er sýnt hafa sérstakan dugnað í búrekstri sínum og þó einkum þeim, sem kunnir eru að því að eiga gott búfé og fara vel með það. Verðlaunum skal úthlutað 26. nóvember og skal fyrsta úthlutun fara fram árið 1967. Eftir það má úthluta úr sjóðnum á fimm ára fresti og skulu eigi líða meira en tíu ár á milli úthlutana.

Verja má í samræmi við ofangreindan tilgang allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af árlegum vaxtatekjum sjóðsins, en $\frac{1}{4}$ hluti af árlegum vöxtum skal lagður við höfuðstól, unz hann nemur kr. 10000.00 — tíu þúsund —, eftir það má verja vaxtatekjum öllum til téðra verðlaunaveitinga.

5. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Hólshrepps hefur með höndum stjórn sjóðsins. Skal árlegur reikningur færður í sérstaka bók og hann endurskoðaður með reikningum Búnaðarfélagsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Bolungarvík, 26. nóvember 1962.

Pétur Ólafsson. Þorsteina Guðmundsdóttir.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Suðureyrarhrepp.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Suðureyrarhrepps, þó sérstaklega fyrir þéttbýli í hreppnum, en fyrir sveitabýli eftir því, sem við verður komið.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttá.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð 3 mönnum. Er hreppstjóri sjálfkjörinn í nefndina og er jafnframt formaður hennar, þá á héraðslæknir sæti í nefndinni, og loks er þriðji maður valinn af hreppsnefnd.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft sem þurfa þykir. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef annar hvor hina nefndarmanna æskir þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og kærur, sem nefndinni berast. Senda skal hreppsnefnd samþykktir eða álitargerðir fundarins eða afrit af fundargerð.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá skotið til hreppsnefndar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skal leitað úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur einnig héraðslæknir skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt, ef heilbrigðisnefnd telur það æskilegt, að ráða sérstakan heilbrigðisfulltrúa. Skal hann þá starfa samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd